# Bréfa- og málasafn 1967, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Forsætisráðherra – Bréf – Aage Schiöt – Bragi Ólafsson – Guðbrandur Ísberg – J. W. Fulbright – Magnús Víglundsson – Tönnes Andnæs – Sigurjón Sigurðsson – Iceland Defense Force – Boðskort – Guðrún Sveinsdóttir – Jón B. Stefánsson – Björgvin Sæmundsson – Nafnalisti yfir Rostock-fara

# Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

*Einkaskjalasafn nr. 360*

*Stjórnmálamaðurinn*

Askja 2-34, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SIGURJÓN SIGURÐSSON
LÖGREGLUSTJÓRI

Khöfn 11/9 1967.

Kæri vinur.

Þakka þér bréfið varðandi málaleitan Helga Geirssonar.

Ég hygg að auðvelt verði fyrir mig að greiða götu hans í umræddu máli. Bráðabirgðaleyfið mun hafa verið veitt með það fyrir augum að einstefnuakstri verður væntanlega snúið við á Laugavegi í maímánuði n.k. Þarf e.t.v. að gera einhverjar varúðarráðstafanir í sambandi við þá breytingu.

Mér væri það ánægjuefni, ef ég gæti hjálpað börnum Geirs Jóns Helgasonar. Best væri að Helgi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefir samband við mig í síðustu
viku þessa mánaðar og skal ég
þá strax hyggja að máli hans.

Með beztu kveðjum.

Sigurjón.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SIGURJÓN SIGURÐSSON

LÖGREGLUSTJÓRI

Rvík 11/10 67.

Forsætisráðherra
dr. Bjarni Benediktsson.

Sendi meðfylgjandi nokkrar viðbótarupplýsingar um þátttakendur í fundarhöldunum á Kaptasaltsviku, sem mér hafa borist frá Danmörku.

Með kveðju
Sigurjón.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I besvarelse af Deres skrivelse kan oplyses, at det af de her tilgængelige publikationer på dansk og tysk fremgår, at følgende islandske statsborgere har været deltagere i Østersøugen:

i Arbejderkonferencen:
Stefan Øgaundsen,

i Parlamentariker-seminaret:
1) Thorarin Thorarinsson, altingsmedlem, medlem af partibestyrelsen for fremskridtspartiet,

i Kvindekonferencen:
2) 6 deltagere, hvoraf er nævnt lærerinde, fru Sofia Gudmundsdottir,

3) i Kommunalpolitiker-mødet:
Torleifsson, byrådsmedlem i Reykjavik,

i Pædagog-seminaret:
direktør B. Salomonsen, Myrdal, (Bjarg...)

i Pressekonferencen:
journalist Oddur Olafsson, TIMIN,

Medlemmer af den permanente komité for Østersølandene, Norge og Island:
4) Edward Sigurdsson, medlem af Altinget,
Stefan Øgmundssen, sekretær i den isl. typograf-fagf.,
Vilborg Sigurdardattir, arbejderske.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I. Upplýsingar úr blöðum og annarstaðar frá

Margrét Ottósdóttir, frú, f.9.2.1902. Form. Kvenfél. sósíalista.
Guðrún Guðjónsdóttir, frú, f.24.12.1903. Í stjórn M.F.Í.K.
Lára Gunnarsdóttir, f.17.6.1916. Forstöðukona barnadagheimilis.
2) Soffía Guðmundsdóttir, form. M.F.Í.K. á Akureyri.
Auður Jónasdóttir, f.4.11.1925. Barnakennari, Höfn Hornarfirði.
María Þorsteinsdóttir, frú, f. 24.5.1914. Form. M.F.Í.K. Reykjavík.
4) Edvarð Sigurðsson, f.18.10.1919. Alþingism. form. Dagsbrúnar.
3) Jón Snorri Þorleifsson, f.3.6.1929. Form. Trésmiðafélags Reykjavíkur.
Einar Viðar, f. 6.7.1927. Lögfræðingur.
Sveinn Haukur Valdimarsson, f.14.10.1928. Lögfræðingur.
Jóhann Eyfelds, f.21.6.1923. Listmálari.
Bragi Ásgeirsson, Listmálari
Vigdís Kristjánsdóttir, f.11.9.1930. Listakona.
Gunnar S. Magnússon, f.27.9.1930. Listamaður
Kristján Ingi Einarsson, Listamaður.
1) Þórarinn Þórarinsson,f.19.9.1914. Alþingism. Ritstj.Tímans.

II. Farþegalisti Landsýnar.

Magnús Magnússon, f.18.4.1917. Kennari. Fararstjóri.
Þórhildur Blöndal, f. 13-7-1949.
Jeannetta Bárðardóttir.
Eiríkur Lýðsson, f.16.3.1907.
Jóhannes Jóhannesson.
Þorgeir Gunnarsson.
Helga Magnúsdóttir.
Steinþór Guðmundsson, f.1.12.1890. Kennari
Haraldur Gunnlaugsson, f.6.7.1908. Póstmaður.
Birgir Vilhelmsson, f.26.7.1934. Prentari.
Örn Arnason.
Björn Arnason, prentari.
Friðjón Stefánsson, f.12.10.1911. Rithöfundur.
Sigríður Jörundsdóttir, f.4.2.1911. Kaupkona. Sólvallargötu 45 R.
Haukur Jónsson.
F. Jóelsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá lögreglustjóra. 25/8 '67.

Rostockfarar, samkv. uppl. Þjóðviljans og Loftleiða. Lögreglustjóri er á förum utan, þar sem hann telur sig geta aflað nánari upplýsinga.

G.B.

Margrét Ottósdóttir, frú, f.9.2.1902. Form. Kvenfél. sósíalista.
Guðrún Guðjónsdóttir, frú, f.24.12.1903. Í stjórn M.F.Í.K.
Lára Gunnarsdóttir, f.17.6.1916. Forstöðukona barnadagheimilis.
Soffía Guðmundsdóttir, form. M.F.Í.K. á Akureyri.
Auður Jónasdóttir, f.4.11.1925. Barnakennari, Höfn Hornarfirði.
María Þorsteinsdóttir, frú, f. 24.5.1914. Form. M.F.Í.K. Reykjavík.
Edvarð Sigurðsson, f.18.10.1919. Alþingism. form. Dagsbrúnar.
Jón Snorri Þorleifsson, f.3.6.1929. Form. Trésmiðafélags Reykjavíkur.
Einar Viðar, f. 6.7.1927. Lögfræðingur.
Sveinn Haukur Valdimarsson, f.14.10.1928. Lögfræðingur.
Jóhann Eyfelds, f.21.6.1923. Listmálari.
Bragi Ásgeirsson, Listmálari
Vigdís Kristjánsdóttir, f.11.9.1930. Listakona.
Gunnar S. Magnússon, f.27.9.1930. Listamaður
Kristján Ingi Einarsson, Listamaður.
Þórarinn Þórarinsson,f.19.9.1914. Alþingism. Ritstj.Tímans.

Magnús Magnússon, f.18.4.1917. Kennari. Fararstjóri.
Þórhildur Blöndal, f. 13-7-1949.
Jeannetta Bárðardóttir.
Eiríkur Lýðsson, f.16.3.1907.
Jóhannes Jóhannesson.
Þorgeir Gunnarsson.
Helga Magnúsdóttir.
Steinþór Guðmundsson, f.1.12.1890. Kennari
Haraldur Gunnlaugsson, f.6.7.1908. Póstmaður.
Birgir Vilhelmsson, f.26.7.1934. Prentari.
Örn Árnason.
Björn ÁRnason, prentari.
Friðjón Stefánsson, f.12.10.1911. Rithöfundur.
Sigríður Jörundsdóttir, f.4.2.1911. Kaupkona. Sólvallargötu 45 R.
Haukur Jónsson.
F. Jóelsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ODDVITI NESHREPPS
UTAN ENNIS

Hellissandi,

Kæri fors.ráðh.

Bjarni Benediktsson.

Undanfarin tvö skipti, sem ég hef komið til borgarinnar, hef ég reynt að ná fundi þínum, en ekki tekizt, þar sem þú hefur ekki verið viðlátinn á viðtalstíma í ráðuneytinu, og ég ekki talið mér fært að ónáða þig á öðrum tíma. Ég var að íhuga að ræða við þig, þegar þú varst gestur minn, rétt fyrir kosningarnar, en taldi það þá ekki tímabært, þar sem ég var ekki farinn að athuga málið að neinu ráði þá sjálfur.

Svo er mál með vexti, að ég er að hverfa frá störfum hjá Landssíma Íslands, þar sem ég hef verið starfandi síðastliðin 2o ár, og um leið að hverfa frá Gufuskálum. Ástæðuna fyrir ákvörðun minni, að segja upp starfi hjá stofnuninni, er ekki hægt að skira í bréfi, það er of langt mál til þess, en óhætt er að segja, að það sé leiðindamál og stofnuninni til skammar. Ég ræddi þetta lítillega við símamálaráðherra á sínum tíma, rétt fyrir kosningar, en ekki síðan, enda þekki ég hann ekki persónulega. Lofaði hann að athuga málið við póst & símamálastjóra, en ég hef ekkert heyrt frá honum, enda myndi það ekki í neinu breyta ákvörðun minni úr þessu, ég get ekki hugsað mér að brjóta odd af oflæti mínu, eftir það sem á undan er gengið, jafnvel þó það sé ef til vill heimskulegt.

Ég hef verið að leita fyrir mér með starf í Reykjavík, sem hentaði mér, en ekki fundið neitt, sem mér líkar, enda haft

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ODDVITI NESHREPPS
UTAN ENNIS

Hellissandi,

litinn tíma aflögu, búinn nú þegar með sumarleifi mitt, má segja notað það að mestu í þágu hreppsins, einnig það, að ég er flestum ókunnugur hjá því opinbera utan Landssímans. En í Reykjavík eða nágrenni þarf ég að fá starf, þar sem ég á íbúð þar og tvö af börnum mínum eru komin í Verzlunarskóla Íslands, og hef ég hugsað mér að reyna að halda fjölskyldunni saman, svo lengi sem kostur er og þau vilja vera heima. Einnig hef ég hugsað mér að breyta til með starf af öðrum ástæðum. Ég er búinn að starfa á vöktum síðastl. 2o ár og er farinn að þreytast á því. Einnig er það, að ég hef haft mikla ánægju af að starfa að félagsmálum þessi síðustu ár og þá´sérstaklega fyrir sjálfstæðisflokkinn og hef hugsað mér að halda því áfram eftir mætti, þó ég skipti um aðsetur. En það á mjög illa saman að vinna störf, sem unnin eru á öllum tímum sólarhrings og hlýtur að koma niður á báðum, bæði aðalstarfinu og félagsmálunum.

Nú er það bón mín, að þú yrðir mér hjálplegur á þessu máli, ef þess er nokkur kostur. Ég er ekki að fara fram á neitt forstjórastarf eða starf, sem ég ræð ekki við, aðeins lífvænlegt starf og helst hjá stofnun, þar sem einhverjir framamöguleikar eru fyrir hendi. Menntun mín er, þó hún sé ekki stór, aðallega á tæknisviðinu. Ég er gagnfræðingur frá Menntaskólanum á Akureyri, loftskeytamaður og hef auk þess verið á námskeiðum á vegum Landsímans í Bandaríkjunum vegna starfa minna við Loranstöðina. Störfum mínum hefur verið þannig háttað undanfarin 2o ár, að ég hef orðið að nota ensku öllu meira en íslenzku og hef því, þó ég

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ODDVITI NESHREPPS
UTAN ENNIS

Hellissandi,

segi sjálfur frá, ágætt vald á því máli, önnur málakunnátta eins og gengur og gerist.

Um tæknistörf er það að segja, og er ég þá að hugsa um útvarp eða sjónvarp, að mest af því er vaktavinna. Ég hef því mestan áhuga á einhverjum skrifstofustörfum og þá aðallega hjá því opinbera, annað hvort hjá ríki eða Reykjavíkurborg og er ég þá að hugsa um þau réttindi, sem ég hef aflað mér síðastl. 2o ár. Einnig kæmi annað til greina. Ég var að ræða þessi mál við Ásgeir sýslumann Pétursson, þegar ég átti leið þar um síðast, og minntist þá á Ál-bræðsluna í Straumsvík í því sambandi. Taldi hann mig á að ræða strax við Halldór Jónsson form. stjórnarinnar og það hef ég hugsað mér að gera, en ég þekki manninn ekki neitt, og væri mér mikil aðstoð í því, ef þú vildir leggja mér góð orð.

Ég geri mér grein fyrir, að það er til mikils mælst, að þú gefir mér meðmæli þín, ekki meira, en þú þekkir til mín, en ég tel mér óhætt að fullyrða, að ég sé allsæmilegur starfsmaður, og nægir að benda á störf mín sem formaður sjálfstæðisfélagsins hér, störf mín í hreppsnefnd allt síðan ég fluttist hingað og síðan 1966 sem oddviti hreppsnefndar, og hef ég innt þessi störf af hendi ásamt því að skila allt upp í 7o-8o tima vinnuviku á Loranstöðinni. Annars veit ég að Rögnvaldur Ólafsson á Hellissandi og aðrir þeir, er ég hef starfað með hér, svo og þingmennirnir, gæfu mér hin beztu meðmæli. Ekki tryði ég öðru en forstjórar Landsímans gæfu mér meðmæli sín, þó að viðskilnaður minn við stofnunina færi ekki fram í fullum vinskap.

Ég kem til Reykjavíkur strax eftir næstu helgi, ef annir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ODDVITI NESHREPPS
UTAN ENNIS

Hellissandi,

hindra ekki, og þætti mér afar vænt um, ef ég mætti þá hafa samband við þig og ég mætti ræða þetta nánar.

Með fyrirfram þökk

og beztu kveðju

Gufuskálum 1. ágúst 1967.

Bragi Ólafsson

Bragi Ólafsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Blönduósi, 10/10 1967.

Herra forsætisráðherra
Bjarni Benediktsson.
Forsætisráðuneytið. - Rvík.

Kæri vinur.

Ég vil ekki láta hjálíða að bera fram, nú þegar, þá ósk, að ég verði ekki kosinn aftur í yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra. Leyfi ég mér að vænta þess, að þú og Sjálfstæðisflokkurinn taki þá beiðni mína til greina, enda auðgert að finna mann í minn stað. Afsögu er að taka.

Ég hafði hugsað mér gera fáeinar tillögur um breytingar á kosningalögunum,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um leið og ég dreg mig í hlé, en hefi
þær ekki tilbúnar í dag. Ef til vill
er líka réttast að láta það vera,
því vitanlega sjá aðrir gallana,
sem leiðrétta þarf, eins vel og ég,
- og sumir sjálfsagt betur.

Ég leit áðan á nýkomið Tímablað.
Öll forsíðan var eitt fagnaðaróp
yfir þeirri frétt, að heldur ómerki-
legur banki í Þýzkalandi væri
hættur að skrá gengi ísl. krónu.
Þess var hinsvegar ekki getið, hvort
þessi banki hefði nokkurn tíma
skráð ísl. krónuna. Manni getur
runnið til rifja skortur "tímamanna"
á þjóðhollustu. Og þessir menn hafa
enga afsökun. Þeir vita hvað þeir eru að gera

Óska þér, samráðherrum þínum og
stjórnarflokkunum giftu og góðs árangurs
í fangbrögðum ykkar við aðsteðj-
andi erfiðleika í þjóðarbúskap
ykkar. Þeir erfiðleikar eru ekki
tilefni til fagnaðar: en ég, og allur
almenningur að ég hygg, trúir
því og treystir að stjórninni
takist að sigrast á þeim og
vaxi af þeim verkum sínum.

Með beztu kveðju.
Þinn einl.
Guðbr. Ísberg

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Blönduósi, 14/10. 1967.

Herra forsætisráðherra
Bjarni Benediktsson.
Forsætisráðuneytið. - Rvík.

Kæri vinur.

Eins og ég gat um við þig í bréfi nýlega, hafði mér dottið í hug að gera fáeinar athugasemdir við ákvæði gildandi kosningarlaga til Alþingis. Nú í dag hefi ég loks látið verða af því að semja þær og sendi þær hjálagt. Það er óþarft að minnast á 41. gr., enda geri ég það ekki.

Ég fel þér í sjálfsvald, hvað þú gerir við þessar athugasemdir mínar. Aðalatriðið fyrir mér var að losna við þær úr hausnum, en þar voru þær sestar að og vildu ekki fara. -

Með bestu kveðju
Guðbr. Ísberg

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

UNIVERSITETSFORLAGET
UNIVERSITETSFORLEGGEREN

OSLO 3, den 3.10.1967.
UNIVERSITETETS ADMINISTRASJONSBYGNING
TLF 46 68 80, TELEX 1906

F/TA/tk/187/67

Statsminister dr. Bjarni Benediktsson
Háuhlíd 14
Reykjavik

Kjære Bjarni.
Hjertelig takk for brev. Nå er jeg lykkelig kommet tilbake fra Afrika, men jeg er blitt spurt om jeg ville reise ned et halvt års tid og lage et forlag og en universitetsbokhandel ved Makerere University College i Uganda. Man tilbyr meg bra arbeidsvilkår og eget hus, så jeg tror jeg tar familien med meg og reiser. Jeg kan jo ikke nekte Henny gleden av å ha en mannlig tjener et halvt år (sosialdemokrat eller ikke sosialdemokrat).

Vi har hatt årsmøte i Norsk Islandsk Samband med foredrag av direktøren i Nordens Hus, Ivar Eskeland. Vi hadde også valg. Den nye formannen ble cand. philol. Jon Erlien (falkeridder). Han er sjef for alle Studentsamskipnadens studenthybler og er på mange måter en nøkkelmann. Det er han som har den daglige kontakt med de islandske studenter i Oslo. Jeg tror vi har fått en god mann der. Han stillet seg forøvrig til valg ved kommunevalget i Oslo, men resultatene på personfordelingen foreligger ikke før i neste uke.

Jeg stilte da som vanlig i Bærum kommune. Bærum kommune har for tiden en endring i befolkningsstrukturen. Der bygges det fortrinnsvis store villaer og dette er ikke så bra for mitt parti, så valget faldt ikke helt heldig ut for oss ( i alle fall gir vi den endrede befolkningsstruktur skylden for vårt lokale valgnederlag). Personlig hadde jeg også denne gang hellet med meg og distanserte alle partifeller på listen med et hestehode. Det er jo alltid moro.

Når det gjelder valget i Norge som helhet er vi fornøyd. I forhold til stortingsvalget gikk vi frem med 0,7 %. Det tar vi som et tegn på at vi ikke er inne i en skjebnebestemt nedgangsperiode. Det eneste av de borgerlige partier som holdt stillingen var Senterpartiet. Høyre led det største nederlag. Det er i midlertid mange usikkerhetsfaktorer ved dette valg, bl.a. var valgdeltagelsen liten.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Som du husker, hilste du på forleggeren for boken om Vinlandskartet, Mr. Chester Kerr (Yale University Press) i Reykjavik, da han presenterte kartet der. Han har faktisk gjort en meget god jobb og som du vil se av vedlagte avisutklipp fra Aftenposten, ble Kong Olav så interessert i kartet at han tok opp problemene rundt det med Pave Paul, da kongen besøkte Vatikanet. En norsk forsker (forfatter på mitt forlag) har fått tillatelse til å granske spesielle arkiver ved Vatikanet. Bortsett fra at det naturligvis skulle vært en islending, må vi tro at begge våre land må være interessert i hva som måtte finnes i Vatikanet.

NB! Jeg har ellers hatt besøk av direktøren for Visconsin University Press og hans kone. Forlagsdirektør Thompson Webb kom til Norge for å konferere med Nordisk Kulturkommisjon angående en serie nordiske romaner som han utgir i Amerika. Jeg tror han gjør en god jobb og det er selvsagt nyttig for oss alle at nordiske forfattere kommer ut i Amerika. Mer eller mindre uskyldig har han i midlertid kommet opp i en uheldig situasjon når det gjelder en bok av Gunnar Gunnarsson. Han har hatt en amerikansk litteraturprofessor til å skrive en introduksjon til boka, og den har (kanskje med grunn) ikke faldt i Gunnar Gunnarssons smak. Forlaget har kommet i en vanskelig situasjon. Han må enten bli uvenner med forfatteren av boka eller forfatteren av introduksjonen. For tiden tror jeg han har vanskeligheter både med den islandske forfatter og den amerikanske vitenskapsmann.

Ármann Snævarr har vært i Oslo noen dager og jeg organiserte et møte mellom Ármann og Mr. Webb. Mr. Webb er meget ulykkelig over situasjonen og vil svært gjerne komme til en ordning. Vi ble stående ved at det vel kunne være en fordel om Mr. Webb la veien om Island når han skulle hjem til Amerika ca. 10. oktober. Dels for å prøve å skvære opp i problemene rundt Gunnar Gunnarsson og dels for å kunne diskutere med islendinger om hvilke forfattere fra Island som burde komme med i serien i tida framover. Ármann lovet å ta saken opp med rette statsråd (antageligvis Gylfi P. Gíslason ) slik at det kunne arrangeres et møte. Dersom du skulle komme bort i saken, så er det min mening at Webb har opptrådt klosset i denne sak, men at han ikke har hatt ond vilje, tvert i mot. Jeg tror han kan bli en stor og nyttig Islands-fan hvis man kunne hjelpe ham med å løse opp den vanskelige knuten. Direktør Webb er en god venn av meg.

Med min familie står det bra til. De er spent på om det blir en ny tur til Afrika. Beste hilsen til den og din familie, ikke minst til dine fortryllende barnebarn.

din trengjerne venn

Tønnes

Tønnes

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

- San Pedro -
March 17th 1967

Very dear Friends.

For weeks I have been wanting to write to tell you how much we miss Iceland and all our good friends, such as you, there! -

You well know how won over to Iceland and its people we are. Truly I cannot enough tell you how homesick we are for your beautiful country where we were so happy, for too short a time.

We cannot wait to be able to return for a good camping vacation in Iceland with our friends there.

I want to thank you for being so good to us during our two years with you - You even helped us to celebrate our 25th Anniversary of happiness together, Ralph and I

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

and we treasure the lovely "B & G" statuette you so generously gave us. Thank you also for that wonderful tribute you gave Ralph in your letter in the paper - We both feel it is the greatest thing one could ever wish for and are so grateful -

We so wish the Navy had left us in Iceland longer, at least until after the elections -

Our thoughts and hearts and best wishes will be with you despite distance -

I know you will miss the Penfields very much - as we do - May the successors love Iceland as they and we do -

For us all is well - Of course we miss Ralph terribly - He flew off February 15th and is near Vietnam now, working hard and long - He should be back in early June.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

We are lucky to have here a very pleasant house - all on one level with a grand view over the ocean and Catalina Island - We are up on a hill - It is very quiet, private and full of light and sun, in a small Navy residential area - Very convenient for shopping too - The children go, close by, to an excellent school, Marymount - but they, too, miss Iceland -

We are most grateful for our setup here, but even the California sunshine does not lessen our nostalgia for our "Second Fatherland" - Iceland -

We so hope we can meet you again in the not too distant future - and you know that the "welcome mat" is always

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

out for you, wherever we may be,
Our walls are covered with
pictures of Iceland -
May life be ever so kind
to you -
Happy Easter -
and much love from
all these Weymouths -
Lo -

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

MAGNÚS VÍGLUNDSSON H.F.

BRÆÐRABORGARSTÍG 7
SÍMI: 32160 (5 LÍNUR)
SÍMNEFNI: VÍGLUNDSSON
PÓSTHÓLF 80
Simi 13057.

REYKJAVÍK,
4. júní 1967.

Herra forsætisráðherra
Dr. BJARNI BENEDIKTSSON,
Stjórnarráð Íslands,
R e y k j a v í k.

Í hinni sigursælu kosningabaráttu Sjálfstæðisflokksins haustið 1959, var þjóðinni stöðugt bent á færa leið til BÆTTRA LÍFS-KJARA. Það var, sem kunnugt er Birgir Kjaran, sem hóf þennan málflutning og hélt honum uppi.

Nú hefur þessi boðaða leið til bættra lífskjara verið farin undanfarna tíma, og þjóðin býr við góðan efnahag, þótt þar frá séu undantekningar, eins og gengur. Mörgum mun nú sú spurning ofarlega í huga, hversu varðveita megi þann árangur sem náðst hefur, og tryggja sér og sínum öruggan efnahag á komandi tímum.

Og nú hefur einmitt Birgir Kjaran mótað þessa hugsun almennings í orðunum tveim :"VARANLEG VELMEGUN". Án þess að hafa hér um fleirri orð, leyfi ég mér nú að bera fram þá tillögu, að nú næstu daga verði haldinn almennur fundur Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, þar sem Birgir Kjaran yrði frummælandi einmitt um efnið:"VARANLEG VELMEGUN". Ég er þess fullviss, að sá málflutningur myndi ná eyrum margra, svo ofarlega eru þessi mál nú í huga manna. Birgir Kjaran nýtur trausts og vinsælda meðal Sjálfstæðismanna og raunar einnig ýmissa annarra. Um þetta er mér kunnugt af samtölum við marga, nú að undanförnu og endranær.

Mér þykir dapurlegt að geta ekki sjálfur tekið beinan þátt í yfirstandandi kosningabaráttu. Aðstaða atvinnurekstrar míns er nú í bili þannig, að orð mín myndi skorta þann trausta grundvöll, sem nauðsynlegur er til að gæða þau afli og tiltrú, sem auðvitað er forsenda jákvæðsx árangurs.- Ég má þó muna tvenna tímana í þessum efnum, því löngum kom í minn hlut að skýra og skilgreina stefnu Sjálfstæðisflokksins í iðnaðarmálum, jafnt á vettvangi íslenskra iðnrekenda sem í blöðum. Í þessu sambandi skal einungis vitnað til greina minna um iðnaðarmálefni, sem birtust í Morgunblaðinu 7., 9., og 24. október 1959.

En efni þessa bréfs er ekki að ræða mín eigin vandamál og viðfangsefni, til þess mun síðar gefast ákjósanlegra tækifæri. Tilgangur þess er fyrst og fremst sá, að koma á framfæri tillögu, er ég held að myndi, ef framkvæmd yrði, styðja að sigri okkar Sjálfstæðismanna í kosningunum hinn 11. júní.

Með góðum óskum
og sérstakri virðingu.

Magnús Víglundsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*A. Schiöth*

Siglufirði, Þann 14/3 - 1967

Privat!

Herra forsætisráðherra,
Bjarni Benediktsson,
R e y k j a v í k

Góði vinur,

Síðastl. þriðjudag fór jeg með Drang heim til Siglufjarðar frá Akureyri.

Hitti jeg þar m. a. Jónatan, son Aðalst. heitins Jónatanssonar, en hann er gamall bekkjabróðir Axels, sonar míns, 37. ára. Hann tekur allmikinn þátt í stjórnmálalífi Vestmanneyja og er hægri sinnaður Alþíðuflokksmaður. Röbbuðum við einslega um gamla daga og var ekki laust við að hann harmaði þátttöku föður síns í óeyrðum gamalla daga og fannst mjer hann að mörgu leyti heilbrygður í skoðunum. - Kom hann, ásamt sistur sinni til þess að óska móður sinni til hamingju með 70 ára afmælisdaginn.

Fullyrti hann við mig - og þessvegna senndi jeg þjer þessar línur - að Helgi Benediktsson hefði ritað greinina, sem nýlega byrtist í sorpblaðinu "Nýr Stormur" um bróðir þinn, Svein. Er það vægast sagt einkennilegt þegar menn í öðrum landsfjórðungum taka sig til og semja slíka ritsmíð. Hjer hefði engum Siglfirðing dottið slíkt til hugar. Sagði jeg honum, að þessu tryði jeg varlega, en hann fullyrti við mig, að þetta væri satt og mundi hann jafnvel geta sannað það ef nauðsyn kræfi.

Jeg hefði sagt þjer frá þessu í Rvk. þegar jeg var þar um daginn, - en mjer finnst ekki jeg geta látið hjá líða, að senda þjer þessar línur. - Þá bætti Jónatan ýmsu við þessa frásögn um H. Ben. - sem varla er hafandi eftir. - Þú verður að taka viljann fyrir verkið, - mjer fannst jeg ekki geta orða bundist.

Með virðingu og beztu kveðju,

þinn einl.

Aage Schiöth

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Helga og Sveinn Benediktsson

biðja Bjarna Benediktsson og frú

að veita sér þá ánægju að sitja brúðkaup

dóttur sinnar

Guðrúnar

og

Jóns B. Stefánssonar

sem fer fram í Háteigskirkju

laugardaginn 11. marz 1967 kl. 4

síðdegis, og þiggja að vígslu lokinni

veitingar í Þjóðleikhúskjallaranum

kl. 4,30 til kl. 7 síðdegis.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# ICELAND DEFENSE FORCE

HONORING

His Excellency ASGEIR ASGEIRSSON
President of Iceland

OFFICER'S CLUB
NAVAL STATION KEFLAVIK
17 NOVEMBER 1967



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reception . . . . . . . . . . . . . . Reading Room

Dinner . . . . . . . . . . . . . . . . Main Ballroom

Coffee and Liqueurs . . . . . . Reading Room

Dancing . . . . . . . . Main Ballroom

★ ★ ★ ★

Music for Dinner and Dancing

by

Commander Naval Air Force

Atlantic Fleet

Band

*Menu*

VOL AU VENT ICELAND

. . . . . . .

PRIME RIB ROAST OF BEEF AU JUS

. . . . . . .

STUFFED BAKED POTATOES AU GRATIN

. . . . . . .

FRESH GARDEN PEAS

. . . . . . .

SPICED PEACH NATO

. . . . . . .

ASSORTED RELISH

. . . . . . .

BAKED ALASKA

. . . . . . .

---

Ruedesheimer Klosterberg

Chateauneuf Du Pape

Henkell Trocken

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

UNIVERSITETSFORLAGET
UNIVERSITETSFORLEGGEREN

OSLO 3 den 31. juli 1967
UNIVERSITETETS ADMINISTRASJONSBYGNING
TLF 46 68 80, TELEX 1906

Statsminister dr. juris Bjarni Benediktsson og frue
Hauglid 14
Reykjavik
Island

Kjære Sígridur og Bjarni.

Hjertelig takk for den overmåte vennlige mottakelse dere ga meg. Jeg er helt overveldet over at dere begge kunne bruke så meget tid på meg.

Jeg har alltid drømt om å bo ved Tingvallavatn, at jeg skulle få oppleve det i samvær med dere, hadde jeg faktisk aldri trodd skulle skje.

Det var også riktig hyggelig å få treffe mennene bak Morgunbladid. Jeg håper ikke jeg i løpet av natten presenterte altfor mange umulige og logisk-~~ikke~~-kombinerbare påstander. Jeg hadde det iallfall veldig hyggelig; selv om jeg var noe tung i hodet den neste dag.

Turen til hvalstasjonen med ung gjestevennskap utvist av bestyrerens sønn, var en trivelig opplevelse.

Hjembrakte souvenirer vakte stor åtgaum.

Mads syntes det hadde vært moro å kunne skryte av at far hans hadde ligget i kamp sammen med månefarerne. Alle var dog glade over å se far sin hjemme. Det var nesten seks ukers fravær.

I Færøyane hvor jeg bare sto over fra den ene dagen til den andre, hilste jeg på Páll Patursson på hospitalet. Han har klart å sikre seg et allsidig utvalg av dødelige sykdommer såsom kreft og tuberkulose; men han hadde på ingen måte gitt opp interessen for den øvrige verden, det vil for ham si Island og Norge. Jeg besøkte også den færøyske lagmann, sosialdemokraten Petter Mohr Dam. Han tok opp spørsmålet om Nordisk Råd, og jeg klarte å fornærme ham litt mer enn jeg kanskje burde, jeg kom nemlig til å nevne at for utenforstående nordmenn kunne det virke underlig når en fikk brev med harmdirrende protester fra Færøyane om at Danmark ikke kunne representere dem i Nordisk Råd, med at det samtidig på frimerket på brevet sto ordet DANMARK. Det er jo sånt som er så lettvint å si så man burde vel holde seg for god til det, men av og til kan færøyinger bli vel lettbente selv for meg.

Nå går veien til Uganda. Jeg har aldri vært i Afrika før, og jeg gleder meg, enskjønt jeg gjerne skulle ha vært litt lenger hjemme før jeg reiste.

I den tid jeg har vært hjemme etter at jeg kom fra Island, har jeg prøvd å være minst mulig på kontoret og mest mulig på min gamle forfalne gård innen-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

for Larvik. Jeg har malt og spikret, og nå er det såvidt bra at bonden vil ønske gjeve gjester fra Island velkommen når dere har tid. Bjørn nevnte muligheten for at han skulle til Oslo en gang i høst på et møte. Det ville glede oss meget om han kunne avsette litt tid til meg og min familie.

Men tilbake der jeg begynte, hjertelig takk for den enestående gjestfrihet og vennlighet som dere viste meg.

Beste hilsen

Tønnes

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur